

Nánar skal kveðið á um útboðslýsingar verðbréfasjóða skv. 1. mgr. í reglum sem banka-
eftirlitið setur.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. mars 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „viðskipta- og upplýsingakerfi“ í 1. tölul. kemur: viðskipta-, uppgjör- og upplýsingakerfi.
- b. Á eftir 2. tölul. kemur nýr töluliður er orðast svo: að setja reglur um uppgjör viðskipta með tilliti til fjárhagsstöðu þingaðila.
- c. Við greinina bætist nýr töluliður er orðast svo: að vinna að framþróun og skilvirkni verðbréfamarkaðar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „febrúarmánaðar“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: aprílmánaðar.
- b. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og hljóðar svo:
Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og vera fjár síns ráðandi. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.
- c. Í stað orðsins „febrúarmánaðar“ í 2. mgr. kemur: aprílmánaðar.

3. gr.

Í stað orðsins „febrúarlok“ í 1. másl. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: apríllök.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „Verðbréfafyrirtæki“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: verðbréfamiðlun sem heimilt er að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning.

- b. Við 3. tölul. 1. mgr. bætist: enda hafi þeir sambærilegan aðgang að skipulegum verðbréfamarkaði í heimaríki sínu.
- c. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
Stjórn Verðbréfaþings setur nánari reglur um aðild að Verðbréfaþingi Íslands.

5. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr töluliður, 1. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra tölulíða samkvæmt því: að uppfylla kröfur um eigið fé sem gerðar eru til hlutaðeigandi lögum samkvæmt.

6. gr.

Í stað orðanna „viðskipta- og upplýsingakerfi“ í 13. gr. laganna kemur: viðskipta-, upp-
gjörs- og upplýsingakerfi.

7. gr.

5. mgr. 17. gr. laganna hljóðar svo:
Birta skal endurskoðaðan ársreikning í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðskiptaráðherra skal eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd sem vinni að heildarendurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands með það að meginmarkmiði að afnema einkarétt þess á verðbréfaþingsstarfsemi eigi síðar en í árslok 1997.

Gjört í Reykjavík, 28. mars 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um landflutningasjóð,
nr. 62/1979, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk landflutningasjóðs er að stuðla að uppbyggingu og framþróun í vöruflutningum á landi. Í þeim tilgangi skulu veittir styrkir til verkefna sem lúta að fræðslu um flutningastarfsemi, svo sem rekstur flutningafyrirtækja, vörumeðferð, neytendavernd og markaðsmál.